

Ferðamálaráð Íslands
656. fundur haldinn miðvikudaginn 14. apríl 2004 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

1. Fundargerð 655. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Samantekt vegna skýrslunnar um Íslenska eldhúsið

Varaformaður, sem var í þeirri nefnd, sem vann umrædda skýrslu dreifði nokkrum tillögum um framkvæmdir vegna skýrslunnar. Miklar umræður urðu um málið.

Afgreiðsla: Samþykkt að kalla saman fulltrúa SAF, Matvís, Ferðamálasamtaka Íslands o.fl til að ræða sérstaklega þjár af umræddum tillögum.

3. Tilnefning í stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands

Gerð var tillaga um að Ársæll Harðarson forstöðumaður markaðssviðs yrði áfram fulltrúi Ferðamálaráðs. Tillagan var samþykkt.

4. Kynning á stöðu og áætlunum vegna innlestrar kynningar 2004

Forstöðumaður markaðssviðs kynnti stöðuna og það sem væri framundan í þessum málaflokki.

5. 40 ára afmæli Ferðamálaráðs og Ferðamálaráðstefnan í haust

Ákveðið var að efna til fundar í ráðinu 7. júlí, þegar 40 ár eru frá fyrsta fundi ráðsins og sama dag yrði móttaka í tilefni afmælisins. Þá var ákveðið að á ferðamálaráðstefnuna í haust yrði þess freistað að fá erlenda fagaðila til að flytja erindi um þróun og horfur. Að öðru leyti var umræðu um þennan lið frestað til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:55.